

Ályktun á landsfundi Kvinnalistsans 1991.

Landsfundur Kvinnalistsans haldinn á Seltjarnarnesi 15. - 17. nóvember 1991 samþykkir eftirfarandi ályktun:

Nú er komið að lokabætti samninga EFTA og EB um Evrópskt efnahagssvæði (EES). Samningamenn hafa komist að niðurstöðu en þjóðþing landanna, þar á meðal Alþingi, eiga alveg eftir að fjalla um málið, samþykkja samninginn eða hafna honum.

Aðild að EES felur í sér að allir þegnar V-Evrópu fá óskoraðan rétt til jafns við okkur til atvinnu og að setja hér á fót og kaupa fyrirtæki í öllum greinum atvinnulífs, nema hvað reyna á að halda fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða utan við seilingu þeirra.

Auðlindir landsmanna aðrar en þær sem er að finna í hafinu eru á þessu veisluborði fjármagnsins. Þetta á m.a. við um landið sjálft og hlunnindi þess og jafnvel orkulindirnar gætu áður en langt um líður fallið undir fjórfrélsið svonefnda.

Íslendingar þyrftu að gera lög og reglur sem varða innri markað Evrópubandalagsins að sínum, jafnframt því sem þróun löggjafar á þessu sviði færi úr höndum Íslendinga þar sem EFTA ríkin verða nauðug viljug að taka við nýmælum frá framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins.

Eitt það alvarlegasta við ráðgerðan samning er það mikla afsal sjálfsákvörðunarréttar sem í honum felst. Verði hann samþykktur færum við dómsvald á mikilvægum sviðum til fjölþjóðlegs dómstóls, framkvæmdavaldið á samningssviðinu fer til yfirþjóðlegs aðila og með yfirtöku á nær tveimur þriðju hlutum af lögum og reglum EB væri þrengt með afdrifaríkum hætti að sjálfu löggjafarvaldinu.

Áður en til endanlegrar afgreiðslu kemur á Alþingi þarf að liggja fyrir hvaða breytingar þarf að gera á gildandi lögum til að fullnægja ákvæðum samningsins ef hann verður samþykktur. Einnig er nauðsynlegt að þjóðin fái tækifæri til að láta álit sitt í ljós í almennri atkvæðagreiðslu í kjölfar viðtækrar fræðslu á því hvað það hefur í för með sér að Ísland gerist aðili að EES.

Með því að gerast aðilar að EES vaxa stórum líkurnar á að Ísland gerist aðili að sjálfu Evrópubandalaginu áður en langt um líður. Miklar líkur eru á að flestar EFTA þjóðir gangi í EB fyrir aldamót. Nú er reynt að hræða almenning til fylgis við aðild að EES með fullyrðingum um að þjóðin einangrist ella. Sömu rök munu fyrr en seinna verða höfð uppi til að rökstyðja aðild Íslands að EB eftir því sem þeim EFTA ríkjum fjölgar sem sækja um aðild að bandalaginu.

Íslendingar hafa mikla möguleika sem sjálfstæð og fullvalda þjóð ef rétt er á málum haldið. Við eigum verðmætar auðlindir í hafinu umhverfis landið. Við höfum ekki verið í neinum vandræðum hingað til að selja fiskinn okkar og það er ekkert sem bendir til annars en að eftirspurn vaxi í framtíðinni. Evrópumarkaðurinn verður okkur mikilvægur áfram og við þurfum ekki að gerast aðilar að EES eða EB til að geta selt fisk inn á markaði EB.

Í þessu máli megum við ekki hugsa í árum eða láta hugmyndir um skammtsmaávinninga ráða niðurstöðu. Við eigum að setja okkur í spor þeirra Íslendinga sem unnu að því á síðustu öld að endurheimta sjálfstjórn í landinu eftir aldalanga áþján. Í máli sem varða grundvallaratriði í stöðu þjóðarinnar um langa framtíð má ekki rasa um ráð fram. Það hefur því miður verið gert, en ekki er um seinan að spyrna við fótum og reyna að ná áttum.